

Dags:
18.12.16

VERÐLAGNING Á DÚFUM

Útgáfa 1

Markmið / tilgangur:

Að tryggja einfalt, áreiðanleg, umhalds- og viðhaldslítið kerfi til að halda reiðu á notkun á leirdúfum á öllum fjórum skotvöllum Iðavalla. Tryggja sanngjarna verðlagningu félagsmenna eftir framlagi þeirra til félagsins.

Ábyrgðarmenn:

Formaður

Lýsing:

1. Skilgreining á grunn einingu í kerfinu.

Möguleiki er á 5 mismunandi skilgreiningum á greiðslukortum, kort 1, 2, 3, 4 eða 5.

2. Almennir félagsmenn SÍH: Kortaflokkur 1. – 25 dúfur fyrir 500 kr. eða verð á dúfu 20 kr.

Félagsmenn sem vilja njóta bestu kjara kaupa kort sem þeir láta fylla fyrir 10.000 kr. hverju sinni.

3. Æfingastjórar: Kortaflokkur 2. – 27,8 dúfur fyrir 500 kr. eða verð pr dúfu 18 kr.

Eins og aðrir félagsmenn kaupa æfingastjórar kort og kaupa síðan áfyllingu fyrir 10.000 kr.

4. Keppnismenn: Kortaflokkur 3. - 31.25 dúfur fyrir 500 kr. eða verð á dúfu 16 kr.

Eins og aðrir félagsmenn kaupa keppnismenn kort og kaupa síðan áfyllingu fyrir 10.000 kr.

Þegar keppnismaður fullnægir ekki skilyrðum keppnismanna samkvæmt verklagsreglu eða hætta að gegna trúnaðarstörfum er kortinu breytt yfir í kortagerð 1 eða 2 eftir því sem við á.

5. Stjórnar- og nefndarmenn: Kortaflokkur 3.

Virkir stjórnar- og nefndarmenn sem koma af áhuga að daglegri starfsemi SÍH njóta sömu kjara og keppnismenn.

6. Utanfélagsmenn: Kortaflokkur 5. - Verð á dúfu 36 kr.

Utanfélagsmenn koma og fá lánað kort og leggja bíllykla eða ökuskírteini sem tryggingu fyrir skilum á kortinu og kaupa dúfur fyrir daginn. Þegar kortinu er skilað fæst tryggingin til baka. Kort fyrir utanfélagsmenn skal merkja sérstaklega og vista í peningaskáp á milli æfinga.

Utanfélagmenn og félagsmenn sem ekki vilja nýta bestu kjör geta keypt 1 til 3 hringi í senn og greiða 900 kr. fyrir hringinn og þá eingöngu á kort merkt „utanfélagsmenn“

7. Almennt.

Eitt stjórnendakort skal liggja í peningaskáp á milli æfinga fyrir æfingastjóra að ræsa kerfið.

Búið er að festa fjóra möguleika á kaupum á tilteknum hringjafjölda í kerfinu.

Þannig geta utanfélagsmenn og félagsmenn sem vilja ekki kaupa eigið kort, aðeins keypt einn hring fyrir 900 kr., tvo hringi fyrir 1.800 kr. eða þrjá hringi fyrir 2.700 kr.

Félagsmenn sem kaupa áfyllingu á eigið kort geta aðeins keypt fyrir 10.000 kr. eða meira hverju sinni.

Verðlisti er límdur undir skjáinn á áfyllingarpúltinu þar sem undir þrem fyrstu glugunum stendur „fyrir utanfélagsmenn“ og undir fjórða glugganum stendur „fyrir félagsmenn SÍH“